



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Stefnumóts á Ströndum,
Atvinnu- og menningarsýningar
Hólmavík
29. ágúst 2009**

(Ræðan var flutt blaðlaust. Hér er afrit af upptöku)

Ágætu Strandamenn
Ráðherra, þingmenn og aðrir góðir gestir

Það er sérstaklega ánægjulegt fyrir okkur Dorrit að vera með ykkur hér í dag og taka þátt í því að leiða saman öflugum sveit heimamanna sem stendur að sýningunni, samræðum um framtíð, hagsmuni og tækifæri Strandamanna.

Það var að vísu ekki alveg víst, eins og ykkur er kunnugt, hvort mér tækist að vera hér í dag. Ég lenti í því fyrir nokkrum dögum eins og sumir Strandamenn hafa reynt líka á fyrri tíð, að það getur verið hættulegt að ríða um Húnaþing og ætla sér að stytta sér leið til Stranda með þeim hætti. Sannarlega velti ég því fyrir mér og sérfræðingar hvort ég legði það á hina brotnu öxl að koma og vera með ykkur í dag. En svo áttaði ég mig á því að Strandamenn hafa aldrei látið axlarbrot aftra för svo að við slógum bara til, ákváðum að koma hingað og vera með ykkur á þessari glæsilegu opnun, verða vitni að þeirri miklu samstöðu og sóknarhug sem við skynjum hér í dag.

Það hefur verið gleðilegt á þessu sumri, sumrinu eftir hinn mikla vetur erfiðleika og áfalls, hruns í fjármálakerfi og kreppu í efnahagslífi, verða vitni að því að fólkið í landinu vítt og breitt í byggðum, í öllum landshlutum, hefur tekið saman höndum og efnt til hátíða, menningardaga, viðburða helgaða atvinnulífi og framtíðinni, komið saman tugþúsundum um hverja helgi vítt og breitt um landið allt. Í öllu þessu er fólgin sá boðskapur að þrátt fyrir erfiðleikana, þrátt fyrir áföllin,

býr hér enn þjóð í sóknar- og baráttuhug. Það sjáum við svo sannarlega hér í dag þegar þið heimamenn reiðið fram ekki aðeins afrakstur af starfi ykkar á sviði atvinnulífs, ferðaþjónustu og mennta, heldur líka hugmyndir og áherslur gagnvart framtíðinni.

Þið vitið betur en við sem komum lengra að, að Strandirnar hafa oft á liðinni öld staðið frammi fyrir mikilli óvissu og erfiðleikum. Sú var tíðin að margir töldu að það yrði erfitt að tryggja byggð á Ströndum á nýrri öld. En svo sannarlega sjáum við hér í dag hvernig fjölbreytileikinn hefur vaxið, hvernig heimamenn hafa nýtt sér tækifærin og eigin hugmyndaauðgi. Í þessu framlagi Strandamanna finnst mér vera mikilvægur boðskapur til þjóðarinnar, til allra á þessum erfiðleika- og krepputímum: að láta ekki áföllin og erfiðleikana setja sér stólinn fyrir dyrnar heldur þvert á móti líta á auðlindir byggðanna, hugmyndakraftinn og samtakamátt fólksins til að styrkja undirstöður.

Þegar ég kom hér fyrir tíu árum í svonefnda opinbera heimsókn þá var verið að opna Galdrasetrið, setur sem þegar er orðið þjóðþekkt og Dorrit afhenti fyrir nokkru síðan sérstaka viðurkenningu, Eyrarrósina, menningarverðlaun landsbyggðarinnar, við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Í þeirri athöfn var fólgin viðurkenning en líka skilaboð til annarra byggðarlaga um hvernig hægt er að nota söguna og arfleifðina til að skapa ný tækifæri, sóknarfæri fyrir nýjar greinar atvinnulífsins og ferðaþjónustu. Við sjáum þessa dæmi vítt og breitt um landið allt. Á Húsavík hvernig hugmynd tveggja heimamanna fyrir fimmtán árum að bjóða erlendum gestum að skoða hvali, hefur leitt til þess að á þessu ári hafa um fimmtíu þúsund manns nýtt sér það einstaka tækifæri á Húsavík, og sextíu heimamenn hafa af því störf allt sumarið. Við sjáum á Vestfjörðum hvernig byggðarlag eins og Suðureyri hefur boðið áhugamönnum um veiðar frá Þýskalandi að fara á litlum bátum út á fjörðinn að sækja sér afla, glætt þorpið sem áður fyrr var í miklum erfiðleikum nýju lífi.

Hér á Ströndum býr náttúran og umhverfið, sagan og menningin að fjölpættum auðlindum. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að á þeim árum sem framundan eru, þá eiga hinar dreifðu byggðir Íslands meiri sóknarfæri en nokkru sinni fyrr. Hvers vegna er það?

Í fyrsta lagi vegna þess að víðáttan, hin mikla víðátta náttúrunnar, fjarða og óbyggða sem við eigum í svo ríkum mæli á Íslandi er að verða æ eftirsóttari; milljónir manna vítt og breitt um veröldina vilja öðlast þá reynslu að vera í nálægð við náttúruna.

Í öðru lagi eru norðurslóðir, byggðarlögin sem tengjast norðrinu að vera æ áhugaverðari fyrir fólk um víða veröld. Við sjáum það á þeim mikla fjölda sem heimsækja Ísland á skemmtiferðarskipum eða kemur á eigin vegum til að kynna sér mannlíf og menningu, loftslagsbreytingar og ásýnd náttúrunnar á norðurslóðum.

Í þriðja lagi er það sagan og menningin, sambúð mannsins við náttúruna, hvernig fólkinu hefur tekist að sigrast á erfiðleikunum sem verður æ forvitnilegra fyrir fjölda manns vítt og breitt um veröldina.

Þessi sýning sem hér er efnt til felur í sér skilaboð um það hvernig atvinnulífið, skólarnir, fræðasamfélagið, sveitastjórnirnar, nánast allir í byggðarlögunum geta lagt saman til að tryggja heimamönnum, þó einkum og sér í lagi yngri kynslóðinni, öflugri, fjölbættari og glæsilegri framtíð. Þess vegna þakka ég ykkur heimamönnum fyrir að hafa efnt til þessarar sýningar, þakka ykkur fyrir skilaboðin sem þið sendið þjóðinni á erfiðleikatímum; en umfram allt þakka ykkur fyrir að vera staðráðin í að vinna úr sögu, menningu, náttúru og umhverfi Strandanna efnivið í sóknarfæri á komandi árum.

Við þurfum öll á því að halda, einkum nú, að sjá í landsbyggðinni tækifæri nýrra tíma. Kannski er það hin mikla þversögn hins efnahagslega áfalls á liðnum vetri að það opnar augu þjóðarinnar á afgerandi hátt fyrir tækifærum og eðalkostum landsbyggðarinnar. Fyrir okkur sem ólumst upp í vestfirskum sjávarplássum og höfum alltaf borið heitar tilfinningar til landsbyggðarinnar þá er það svo sannarlega gleðiefni þrátt fyrir erfiðleikana að öðru leyti.

Hér í dag eruð þið einmitt að bera vitni þess hve landið á sér ríkulegar auðlindir í mannfólkinu, sögunni og náttúrunni. Fyrir það vil ég þakka ykkur um leið og ég óska Strandamönnum allra heilla og við Dorrit þökkum fyrir það tækifæri að fá að vera með ykkur hér í dag.